

Landmælingar Íslands

Ársskýrsla 2023



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Address by the Director General	6
Skipurit Landmælinga Íslands	7
Starfsfólk	8
Mannauðsmál	9
Fjarkönnun	11
Landmælingar	13
Landupplýsingar	16
Grunngerð	19
Kortasjár	21
Alþjóðamál	23
Fjármál	26
Yfirlit rekstrargjalda	28

Útgefandi: Landmælingar Íslands, www.lmi.is
Myndir: Guðni Hannesson
Forsíðumynd: Lakagígar
Umbrot: Landmælingar Íslands
Útgefið í júní 2024

Ávarp forstjóra

Þegar sinna þarf mikilvægum verkefnum samfélagsins þá er venjan hér á landi og erlendis að fela þau stofnunum eða að setja á laggirnar nýja stofnun um verkefnið. Þegar Landmælingar Íslands voru stofnaðar árið 1956 þá var verkefnið einfalt; að mæla- og kortleggja landið og gefa út kort. Síðan þá hefur umfangið aukist mikið þó grunnstefið sé það sama. Breytingar í ytra umhverfi Landmælinga Íslands hafa þó verið meiri og því hefur starfsfólkið séð um árabíl þörf á því að sameina starfsemina öðrum stofnunum á svipuðu starfssviði.

Sameining á döfinni

Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra hefur einnig sett sameiningu stofnana á oddinn og á haustmánuðum var fumvarp um sameiningu Landmælinga Íslands, Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands lagt fram. Starfsfólk Landmælinga Íslands tók vel í þessar hugmyndir og sá í þeim tækifæri til að dafna og auka enn virði þeirra upplýsinga sem stofnunin aflar og miðlar. Sameiningin náði ekki fram að ganga á árinu 2023 en tekur gildi 1. júlí 2024.

Nýtt húsnæði

Starfsfólk Landmælinga Íslands hefur sýnt af sér mikið æðruleysi í umræðu og undirbúningi að sameiningu stofnananna. Þau viðbrögð eru í takt við ótrúlega þrautseigju og jafnaðargeð sem það sýndi meðan húsnæðismál stofnunarinnar voru í uppnámi vegna slæmra loftgæða. Það var því mikill gleðidagur er Landmælingar Íslands tóku nýtt húsnæði í notkun í ágúst 2023 þegar stofnunin flutti aðsetur sitt frá Stillholti 16-18 á Akranesi þar sem hún hafði verið til húsa frá 1999. Nýja húsnæðið er að Smiðjuvöllum 28 á Akranesi og er það samróma niðurstaða starfsfólks að afar vel hafi tekist til við innréttingu og skipulag húsnæðisins.

Fyrirmyndarstofnun 2023

Ánægja starfsfólks með vinnustaðinn kom meðal annars fram í könnuninni Stofnun ársins árið 2023 en þar voru Landmælingar Íslands í 4. sæti í flokki lítilla stofnana og einnig meðal allra stofnana. Könnunin er ein viðamesta könnun á vinnuumhverfi hjá íslenskum stofnunum og eru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti.

Loftmyndaútboð

Mikilvægi landupplýsinga hefur oft verið tíundað í ársskýrslu Landmælinga Íslands. Það er þó alveg óhætt að nefna það einu sinni enn því mikilvægi landupplýsinga fer vaxandi. Þörf fyrir góðar og tryggar landupplýsingar er sífelld að aukast, ekki síst á tímum mikilla jarðhræringa og aukinnar náttúruvár til viðbótar við áskoranir í öryggismálum. Meðal annars þess vegna bauð stofnunin út loftmyndir af öllu Íslandi í lok árs 2023. Það verkefni teljum við vera gríðarlega mikilvægt til að tryggja opið aðgengi til allrar framtíðar að þessum mikilvægu grunngögnum.

Þjört framtíð

Stofnun er samsett úr verkefnum, starfsfólki og starfsanda. Við sameiningu Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn verður til ný stofnun. Í þeirri stofnun verða verkefnin ærin, mikilvæg og spennandi og starfsfólkið áfram afar hæft, duglegt og einbeitt í sínum störfum. Það er því óþarfi að óttast um framtíðina í þessum málaflokki þótt stofnunin Landmælingar Íslands hætti að verða til. Við munum þó öll sakna hennar mikið.



Gunnar Haukur Kristinsson forstjóri Landmælinga Íslands.

Address by the Director General

The National Land Survey of Iceland, established in 1956 to survey and map the country, has seen its scope increase while its core mission remains unchanged. Due to changes in the external environment, the institution's staff recognized the need to merge with another institution in a similar field.

Merger Plans The Minister of the Environment, Energy, and Climate prioritized this merger, and a bill was presented to combine the National Land Survey of Iceland, the Research Station at Mývatn, and the Icelandic Institute of Natural History. Although the merger was delayed, it is set to take effect on July 1, 2024.

New Premises In August 2023, the National Land Survey of Iceland moved to new premises at Smiðjuvellir 28 in Akranes, after being located at Stillholt 16-18 since 1999. The staff, who had shown resilience during the previous housing turmoil, were very satisfied with the new facilities.

Recognition In 2023, the institution ranked 4th in the Institution of the Year survey among all Icelandic institutions, reflecting high staff satisfaction across various aspects of the work environment.

Aerial Photography Initiative Recognizing the growing importance of spatial data, especially amid geological activity and natural hazards, the institution tendered for aerial photographs of all of Iceland in late 2023 to ensure future open access to this critical data.

Future Outlook With the upcoming merger, a new institution will be formed, combining tasks, staff, and work spirit. The staff's skills and dedication ensure a bright future, although the National Land Survey of Iceland will be missed.

Skipurit Landmælinga Íslands



Starfsfólk

31. desember 2023

Anna Guðrún Ahlbrecht	gæðastjóri	Joaquín M. C. Belart	fagstjóri fjarkönnunar
Ásta Kristín Óladóttir	fagstjóri grunngerðar landupplýsinga og miðlunar	Jóhanna Hugrún Hallsdóttir	forstöðumaður, fagstjóri mannauðs og reksturs
Bjarney Guðbjörnsdóttir	sérfræðingur landupplýsinga	Lilja Laufey Davíðsdóttir	sérfræðingur landupplýsinga
Dalía Prizginiene	sérfræðingur landmælinga	Marco Pizzolato	sérfræðingur landupplýsinga
Guðmundur Þór Valsson	fagstjóri landmælinga	Michaela Hrabalíkova	sérfræðingur landupplýsinga
Guðni Hannesson	kortagerðarmaður	Saulius Prizginas	sérfræðingur landupplýsinga
Guðríður Guðmundsdóttir	matsveinn	Steinunn Elva Gunnarsdóttir	fagstjóri landupplýsinga og vefþjónusta
Gunnar Haukur Kristinsson	settur forstjóri	Sydney Gunnarson	sérfræðingur fjarkönnunar
Hafliði Sigtryggur Magnússon	fagstjóri upplýsingatækni	Valdimar Hjaltason	tölvunarfræðingur
Hallgrímur Þórhallsson	tölvunarfræðingur	Þórarinn Sigurðsson	verkefnastjóri landmælinga
Ingvar Matthíasson	sérfræðingur fjarkönnunar	Þórey Dalrós Þórðardóttir	sérfræðingur landupplýsinga
Ísak Steingrímsson	tölvunarfræðingur		

Mannauðsmál

Í lok árs 2023 var starfsfólk Landmælinga Íslands 23 að tölu, 11 konur og 12 karlar. Einn er í hlutastarfi. Mjög góður andi er á vinnustaðnum og samheldni sem sást best á því að með samstilltu átaki tókst á árinu að flytja stofnunina, án mikillar röskunar, í nýtt húsnæði. Nýja húsnæðið er að Smiðjuvöllum 28 á Akranesi og er sett upp samkvæmt viðmiðum um verkefnaþætti vinnurými þar sem áhersla er lögð á góð loft- og hljóðgæði. Það var mikill gleðidagur í haust þegar haldin var opunarhátíð og gestum boðið að koma og skoða húsnæðið sem þykir mjög vel heppnað.

Starfsmannafundir eru haldnar einu sinni í mánuði og á árinu var farið í endurmenntunar- og skemmtiferð til Brussel. Þar var belgíska kortastofnunin IGN heimsótt en hún var einnig nýlega komin í nýtt húsnæði og það var gaman fyrir starfsfólk Landmælinga Íslands að skoða það og fá hugmyndir. Einnig var farið í höfuðstöðvar EuroGeographics, samtaka korta- og fasteignastofnana í Evrópu. Hjá báðum þessum stofnunum voru haldnar áhugaverðar kynningar og sérlega vel tekið á móti hópnunum. Góð þátttaka var í ferðinni og mikil ánægja meðal starfsfólksins.

Fjarvinna og fjarfundir eru orðnir hluti af menningu stofnunarinnar. Frá því í desember 2021 hefur vinnuvikan verið 36 tímar sem er full stytting og eru litlar líkur á að farið verði til baka í fyrra horf. Starfsfólk hefur mikla sveigju varðandi vinnutímann og er heimilt að vinna í fjarvinnu allt að þrjá daga í viku og einnig að vinna meira suma daga og safna frítímum.

Í febrúar 2023 var unnið að viðhaldsvottun á jafnlaunakerfinu. Það var fyrirtækið Versa vottun sem sá um vottunina. Niðurstaða vottunarinnar var að Landmælingar Íslands starfræki jafnlaunakerfi sem er í samræmi við kröfu ÍST 85:2012.



Starfsfólk Landmælinga Íslands klífar í Reymsásunum við rætur Akrafalla.

Fjarkönnun

Mjög fjölbreytt starfsemi er á sviði fjarkönnunar hjá Landmælingum Íslands. Á árinu 2023 var stofnunin ráðgjafi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna útboðs á loftmyndavekju af öllu landinu. Alls bárust tilboð frá átta aðilum á vordögum en þar sem útboðið var kært þurfti að bjóða út aftur. Landmælingar Íslands sáu þá alfarið um útboðið með aðstoð Ríkiskaupa og var verkið boðið út í lok árs 2023.

Fjarkönnunarteymi Landmælinga Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands unnu saman að gerð myndkorta og hæðarlíkana vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga á árinu. Fyrri hluta árs beindist athyglin að svæðinu við Fagradalsfjall og var þá eldri búnaður Náttúrufræðistofnunar Íslands notaður. Um mitt ár var nýr búnaður tekinn í notkun en sá búnaður var keyptur með innviðastyrk Rannís til kortlagningar á náttúruvá. Nýttist hann frábærlega við kortlagningu á umbrotasvæðinu við Grindavík seinni hluta ársins, bæði til að meta jarðskorpuhreyfingar en einnig til að meta umfang eldgossins sem varð í árslok. Einnig var flogið með dróna Landmælinga Íslands í kringum Svartsengi í aðdraganda kvikuinnskots í nóvember.

Í september opnaði stofnunin formlega Loftmyndasjá <https://loftmyndasja.lmi.is/> þar sem finna má uppréttar loftmyndir úr safni Landmælinga Íslands og eru þær einnig til niðurbætur, án gjaldtöku. Nú þegar má finna 10% af öllum myndum stofnunarinnar á Loftmyndasjónni og í lok árs voru 35.000 myndir sendar til Bandaríkjanna til skönnunar og er von á þeim myndum í Loftmyndasjá á árinu 2024.

Landmælingar Íslands sinna vöktun á jöklum í samstarfi við Veðurstofuna og Háskóla Íslands. Á árinu bárust nýjar Pléiades myndir og hæðarlíkon af Hofsjökli, jöklunum á Flateyjarskaga, og vöktunarsvæðum við Kötlu, Grímsvötn, Bárðarbungu, Skaftárjökul og Öræfajökul.



† Loftmyndasjá er hægt að bera saman loftmyndir úr safni Landmælinga Íslands frá ýmsum tímum. Þessar myndir eru af Elliðaavogi teknar árin 1959 og 2000.

Landmælingar

Eitt helsta verkefni Landmælinga Íslands er gerð og viðhald grunnmælikerfa landsins. Þau kerfi eru byggð á viðamiklum mælingum stofnunarinnar undanfarna áratugi og mælingum frá neti síritandi jarðstöðva sem nefnist IceCORS.

Jarðstöðvakerfi

Tveimur nýjum jarðstöðvum var bætt við IceCORS jarðstöðvakerfi Landmælinga Íslands á árinu. Það voru stöðvar við Svartsengi og Austurveg í Grindavík. Hlutverk þessara nýju stöðva er að þjóna sem viðmiðun fyrir framkvæmdir, mælingar og kortagerð á svæðinu en brýn þörf var á því að setja niður stöðvar á þessu svæði í tengslum við umbrotin á Reykjanesskaga og mikillar aflögunar vegna þeirra.

Norska kortastofnunin Kartverket afhenti Landmælingum Íslands að gjöf 20 notaða GNSS móttakara og verða þeir notaðir til að bæta gæði og áreiðanleika IceCORS jarðstöðvakerfis Landmælinga Íslands. Þessir móttakarar hafa það umfram núverandi móttakara í kerfinu að geta tekið við merkjum frá flestum staðsetningakerfum heimsins auk þess að hafa innbyggðan búnað til fjarskipta.

Viðmiðunarpunktar

Í tengslum við útboð á loftmyndum þá réðust Landmælingar Íslands í það verkefni að mæla viðmiðunarpunkta víðs vegar um landið til að bæta nákvæmni loftmyndaflugsins. Að auki þá munu þessir punktar nýtast við staðsetningu annarra gagna s.s. gervitunglamynda.

Fyrirhugað er að mæla tæplega 600 punkta en á árinu 2023 tókst að mæla um 400 þeirra.

Punktarnir eru 60x60 cm og ýmist bræddir eða málaðir á fast yfirborð, en þar sem ekki er fast yfirborð fyrir hendi þá eru notaðar gúmmihellur sem eru festar niður. Þá eru einnig í sumum tilfellum notaðir náttúrulegir punktar sem sjást vel úr lofti.

Umbrot á Reykjanesi

Mikið hefur mætt á starfsfólki fagsviðs landmælinga hjá Landmælingum Íslands vegna umbrotanna á Reykjanesi sem hafa geisað með hléum frá árinu 2021. Stofnunin setti niður og mældi nokkra viðmiðunarpunkta á svæðinu til að auka gæði þeirra gagna sem safnað var. Vegna mikilla jarðskorpuhreyfinga þurfti að endurmæla þá og bæta við punktum. Í tengslum við loftmyndaflug myndmælingateymis Landmælinga Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands var einnig töluverð vinna við að staðsetja gögn og búa til hæðarlíkön og uppréttar loftmyndir.

Mælingar fyrir Landsvirkjun

Landmælingaverkfræðingar Landmælinga Íslands hafa nú í nokkur sumur aðstoðað Landsvirkjun við mælingar á virkjanasvæðum fyrirtækisins. Eldri punktar eru endurmældir og leiðréttir og er markmiðið að hámarka framleiðslugetu virkjana fyrirtækisins og gera viðhald mannvirkja hagkvæmara. Á árinu 2023 fóru þessar mælingar fram á virkjanasvæðum við Mývatn, Þeistareyki og Laxárvirkjun.



Þórarinn Sigurðsson og Guðmundur Valsson mælingamenn hjá Landmælingum Íslands setja niður fyrsta viðmiðunarpunktinn af u.þ.b 600.

Landupplýsingar

Mjög fjölbreytt vinna var á sviði landupplýsinga á árinu. Þar var um að ræða hefðbundna vinnslu og uppfærslu landupplýsinga eða það sem oft er kallað kortagerð en einnig var talsverð vinna við að aðstoða opinbera aðila í að nýta þær landupplýsingar og gögn sem til eru í samfélaginu. Rímar það og við stefnu Landmælinga Íslands um að landupplýsingar verði notaðar við ákvarðanatöku.

Kortagögn

Að venju var unnið við uppfærslur á helsta kortagrunni Landmælinga Íslands, IS 50V. Helst var unnið að uppfærslu á samgöngulaginu enda mikilvægt að það sé ætíð sem nákvæmast. Breytingar á sveitarfélagamörkum verða aðallega vegna sameininga en einnig ef strandlína er uppfærð, sem var einmitt gert á árinu enda miklar breytingar við strönd landsins. Það eru einnig miklar breytingar á svæðum í kringum jökla landsins og því er stöðugt unnið að uppfærslu á jöklum og vatnafari í kringum þá með hjálp gervitunglamynda.

Örnefni

Uppfærsla og umsjón með Örnefnagrunni Íslands fer fram hjá Landmælingum Íslands og er það verkefni fyrirferðarmikið í starfsemi stofnunarinnar. Nú tuttugu árum eftir að stofnunin hóf að staðsetja örnefni í gagnagrunn hefur náðst að staðsetja tæplega 180 þúsund örnefni á landinu. Það er gert af starfsfólki stofnunarinnar en einnig fer mikil vinna fram úti í samfélaginu hjá fólki sem hefur þekkingu á örnefnum í sínu umhverfi. Örnefni í Örnefnagrunni uppfærast vikulega í vefsíam og vefþjónustum stofnunarinnar.

Sambætting gagna

Framtíðarsýn Landmælinga Íslands mun nást með sambættingu á traustum gögnum, opnu aðgengi þeirra og framboði á viðmóti sem einfaldar notkun. Til að vinna að þessari framtíðarsýn var unnið að nokkrum verkefnum þessu tengdu á árinu. Þar má fyrst nefna uppbyggingu á nýju samgönguneti í samvinnu við Vegagerðina en fyrir liggur samningur milli stofnananna um uppbyggingu á nútímalegum gagnagrunni fyrir samgöngunet landsins. Stofnunin tók einnig að sér vinnu fyrir Rammaáætlun, sérstaklega varðandi vindafl, þar sem unnið var að því að safna saman, sambætta og birta þau gögn sem nota má til að meta áhrif slíkra virkjana. Að síðustu má nefna vinnu fyrir Óbyggðanefnd þar sem fyrirliggjandi gögn voru birt í þrívíddarsjá til glöggvunar fyrir málsaðila.



Grunngerð

Um langt árabíl hefur verkefnið Grunngerð landupplýsinga verið eitt viðamesta verkefni Landmælinga Íslands. Það verkefni snýr að því að einfalda og auka aðgengi að landupplýsingum á Íslandi, aðallega með samræmingu en einnig miklu samstarfi milli hagaðila. Tvisvar á ári eru haldnir svokallaðir grunngerðarfundir með þeim stofnunum sem eiga að veita aðgang að landupplýsingagögnum sínum samkvæmt lögum þar um. Um er að ræða óformlega spjallfundi hjá sístækkandi hópi þar sem markmiðið er að hjálpa þessum aðilum að uppfylla þær skyldur sem gerðar eru til opinberra aðila sem framleiða og eiga landupplýsingar.

Lýsigögn

Einn grunnþáttur í því að uppbygging og innleiðing grunngerðar landupplýsinga sé árangursrík er skráning lýsigagna. Landmælingar Íslands skrá lýsigögn fyrir alla opinbera aðila sem birta gögn sín í vefsíam og birta í Lýsigagnagátt en alls eru þar nú 457 skráningar frá 28 stofnunum. Þar af eru skráningar fyrir 15 kortasjár frá sjö aðilum. Á árinu var sérstök áhersla lögð á skráningu lýsigagna fyrir mikið magn gagna sem orðið hefur til í tengslum við umbrot í Fagradalsfjalli og í kringum Grindavík.

Grunngögn hvers samfélags

Á tímum þar sem mestu verðmætin felast í gögnum og aðgengi að þeim, þá er opið aðgengi að helstu gögnum hvers samfélags ekki einungis þjóðhagslega hagkvæmt heldur styður við jafnræði og inngildingu jaðarsettra í samfélaginu. Landupplýsingar og fjarkönnunargögn eru meðal mikilvægustu grunngagna hvers samfélags og því hafa Landmælingar Íslands veitt opið aðgengi að sínum gögnum um langt árabíl og aðstoða opinberar stofnanir við að gera sín gögn aðgengileg á sama hátt, annað hvort með tæknilegri aðstoð eða með því að birta gögnin í vefsíam og á vefþjónum sínum.



Kortasjár

Kortasjár Landmælinga Íslands eru til þess gerðar að skoða þau landupplýsingagögn sem stofnunin og fleiri aðilar búa yfir. Kortasjárnar gegna þannig svipuðu hlutverki og prentuð kort áður en sveigjanleiki kortasjanna og það magn upplýsinga sem hægt er að skoða í þeim er þó margfalt meira en finna má á prentuðum kortum.

Mikil vinna var á árinu við að viðhalda og uppfæra kortasjárnar en starfsfólk Landmælinga Íslands þróar, forritar og viðheldur kortasjánum. Með þessum kortasjám er hægt að aðstoða opinbera aðila við að miðla landupplýsingum sínum eins og lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar gera ráð fyrir.

Stofnunin rekur nú um 30 mismunandi kortasjár, bæði fyrir eigin starfsemi og annarra og má m.a. nefna nýja loftmyndasjá, loftgæðasjá og landupplýsingasjá auk kortasjáa fyrir Rammaáætlun og vinnusjá fyrir Óbyggðanefnd.



Alþjóðamál

Eins og áður þá er samstarf við erlenda aðila mjög mikilvægt í starfsemi Landmælinga Íslands. Um er að ræða bæði formlegt og óformlegt samstarf sem snýst aðallega um öflun og miðlun þekkingar á starfssviði stofnunarinnar.

Norrænt samstarf

Mjög viðamikil samstarf er meðal norrænna korta- og fasteignastofnana. Haustið 2023 tóku Landmælingar Íslands við formlegri stjórn á því samstarfi en það felst í því að veita stýrihópi samstarfsins formennsku og að stjórna fundum forstjóra og helstu stjórnenda. Níu stofnanir frá öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. Færeyjum og Grænlandi taka þátt í samstarfinu en í stöku vinnuhópum taka korta- og fasteignastofnanir frá baltneskum frændþjóðum okkar þátt.

Sem dæmi um verkefni sem mikið samstarf er um er Inspire, landmælingar og fjarkönnun og má nefna að Landmælingar Íslands fengu mikla hjálp frá Dönun og Norðmönnum við útboð á loftmyndum af Íslandi.

Evrópusamstarf

Landmælingar Íslands eru virkur þátttakandi í EuroGeographics, samtökum evrópskra korta- og fasteignastofnana. EuroGeographics sjá meðal annars um að samræma kortagögn í Evrópu þannig að þau myndi eina heild. Einnig er mikið starf á vegum samtakanna við að auka þekkingu meðlima sinna á því sem hæst ber hverju sinni á starfssviði stofnananna. Í apríl heimsótti starfsfólk Landmælinga Íslands höfuðstöðvar samtakanna í Brussel.

Stofnunin er landstengiliður við Copernicus áætlun Evrópusambandsins en gögn frá þeirri áætlun eru notuð daglega við eftirlit með íslenskri náttúru og hafsvæðinu í kringum landið. Til viðbótar er stofnunin aðili að tveimur verkefnum á vegum Copernicus. Annað fjallar um að auka notkun gagna Copernicus en hitt verkefnið snýr að loftgæðum og loftgæðaspám.

Landmælingar Íslands eru einnig þátttakendur í Laki III verkefninu í Rúmeníu sem snýr að því að lidarmæla hluta landsins. Verkefnið er styrkt af þróunarsjóði EFTA og er norska kortastofnunin einnig aðili að verkefninu.

Alþjóðlegt samstarf

Landmælingar Íslands eru tengiliður við UN-GGIM starf Sameinuðu þjóðanna, bæði alþjóðlega og evrópska hluta þess verkefnis. UN-GGIM snýst um að efla notkun landupplýsinga til að takast á við helstu áskoranir framtíðarinnar, s.s. í loftslagsmálum og þróunarstarfi.



Foss í Bláfjallakvísl á syðri Fjallabaksleið austan Mýrdalsjökuls.


Fjármál

Ársreikningur ársins 2023 birtist samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál. Framlag ríkissjóðs til rekstrar var 398 milljónir og aðrar tekjur voru 27,7 milljónir. 22,3 milljónir voru framlög frá öðrum innlendum og erlendum stofnunum vegna verksamninga. Stærsti gjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld sem voru 296,5 milljónir á árinu 2023. Önnur gjöld voru 139,3 milljónir. Stofnunin gekk á höfuðstól um 10 milljónir og var það í samræmi við áætlun ársins. Í árslok er höfuðstóll stofnunarinnar 23 milljónir. Vel er fylgst með fjármálum stofnunarinnar, tekjur og gjöld rýnd mánaðarlega og aðhald og ráðvendni höfð að leiðarljósi.



Skipting rekstrargjalda

	2023	2022
Sértekjur	27.680.504	43.608.886
Framlag ríkissjóðs	398.104.465	377.744.610
Laun	296.503.536	271.047.284
Ferðir og fundir	21.094.894	11.865.582
Rekstrarvörur	10.446.490	3.444.717
Aðkeypt þjónusta	47.277.177	92.799.071
Húsnæði	48.196.577	38.218.750
Bifreiðar og vélar	1.430.432	1.725.967
Rekstrarkostnaður	10.842.332	9.928.059
Afkoma ársins	10.006.469	5.949.967



- 68% ■ Laun
- 5% ■ Ferðir og fundir
- 2% ■ Rekstrarvörur
- 11% ■ Aðkeypt þjónusta
- 11% ■ Húsnæði
- 2% ■ Rekstrarkostnaður

